

Börn morgundagsins

Þorvaldur H. Gunnarsson

Knud Illeris. 2004. *Voksenuddannelse og voksenlæring*. Roskilde Universitetsforlag. 195 síður. Kilja.

Truflun

Einn góðan veðurdag í ágústmánuði árið 2001 hringdi síminn. Hinn 62 ára gamli háskólakennari og fræðimaður, Knud Illeris, var truflaður í miðri setningu þar sem hann var önnum kafinn við skrif bókarinnar *Voksenuddannelse og voksenlæring (Menntun og nám fullorðinna)*. Truflunin var honum ekkert sérstakt gleðiefni því skrifin gengu vel. Verið var að kalla á Illeris í sérverkefni innan fullorðinsfræðslunnar hjá hinu nýstofnaða Learning Lab Denmark, enda eftirsóttur fræðimaður. Hann lét til leiðast. Bókina kláraði hann hins vegar ekki fyrr en tveimur árum síðar, og þá undir merkjum Learning Lab. Hún átti að veita heildarsýn á vettvang fullorðinsfræðslu. Bók sem myndi byggja á 30 ára reynslu Illeris af rannsóknum, fræðimennsku og þróun á vettvangi. Ekki síst ætlaði Illeris að tengja bókina við þá þekkingu og reynslu sem skapast hafði meðal annars af opinberri stefnu í Danmörku og verkefnum í fullorðinsfræðslu á tímabilinu á árunum 1997-2000.

Voksenuddannelse og voksenlæring skiptist í fjóra efnispætti, alls 15 kafla sem allir eru nokkuð jafnir hvað varðar lengd í blaðsíðum talið. Textinn er á nokkuð þungu máli en það hjálpar að hver kafli hefst á samantekt úr efni hans.

Fyrsti hlutinn (fimm kaflar) fjallar um fullorðinsmenntunina sem vettvang í samfélaginu. Þar leggur Illeris fram skilgreiningar á þekktum lykilatriðum eins og *ævinámi* (livslæring, lifelong learning), nútímavæðingu, pólitískum áherslum í fullorðinsfræðslu, ásamt gagnrýninni umræðu um eðli fullorðinsfræðslunnar og sjónarhorn. Annar hluti (fimm kaflar) tekur á uppeldisfræðilegum þáttum fullorðinsmenntunar eða kennslufræðinni og því hvernig fullorðnir nemendur læra. Þriðji hlutinn (fjórir kaflar) er ágætis áframhald af

uppeldisfræðinni, helgaður umræðu um markmið með fullorðinsfræðslu, eðli hennar og form. Að endingu er fjórði hluti samantekt á efni bókarinnar með áherslu á lykilþætti.

Það eru nokkur atriði sem Illeris skilgreinir sérstaklega til aðgreiningar frá öðru og gott fyrir lesandann að fá bókað strax (bls. 15-16). Fyrir það fyrsta ætlar Illeris að einblína á nám sem á sér stað í „breiðri“ *formlegri* fullorðinsfræðslu (stofnanabundinni) að undanskildu háskólanámi. Sem sagt, velur að sneiða fram hjá óformlegu og formlausu námi að mestu. Í öðru lagi er *nám* hver sú varanlega breyting sem á sér stað hjá einstaklingi er varðar röklega, tilfinningalega, líkamlega og félagslega þætti (þó ekki þætti sem eru líffræðilegs eðlis - öldrun eða skaði). Og í þriðja lagi er hinn *fullorðni nemandi* í eðli sínu sjálfstæður, sjálfmiðaður, sjálfráða og ábyrgur einstaklingur. Ergo – *fullorðinsfræðsla* er fyrir Illeris námstímabil sem hinn fullorðni einstaklingur tekur þátt í eftir að hafa runnið út af sínu upphaflega hæfnispori og er kominn aftur í stofnanabundið nám.

Fullorðinsfræðsla og umræðuhefð

Þegar markmiðið er að skrifa bók sem spanna á ungt og upprennandi svið sem fullorðinsfræðslan er þá er eðlilega víða komið við. Svo virðist, fljótlega upp úr aldamótum, hafi skapast þörf fyrir danskt grunnrit er fjallar um stöðu og uppeldisfræðilega þætti fullorðinsfræðslu. Illeris viðurkennir að grunnurinn fyrir uppeldisfræði fullorðinna verður aldrei sleginn upp nema í krafti fyrirliggjandi hefðar þroskasálfræðinnar á sviði náms barna. Því efni gerir hann mjög góð skil (m.a. með aðstoð Piaget, Vygotsky, Freud og fleiri síðari tíma fræðimanna) og kaflarnir í efnishluta tvö (Voksnes læring), og að hluta til í efnishluta þrjú (Voksenuddannelsernes praksis), eru einmitt mjög upplýsandi. Í efnishluta tvö er að finna hið mikilvæga þríhyrningsmódel Illeris um námssvið og námsferli sem enginn rannsakandi eða leiðbeinandi í fullorðinsfræðslu ætti að láta fram hjá sér fara (bls. 77). Og í efnishluta þrjú má sjá hið mjög svo gagnlega kennslufræðilega hringmódel Illeris sem hann þróaði út frá námsmódeli Davids Kolbs (bls. 143), sem fjallar um innihald náms og stýringu þess.

Svo okkur beri einhversstaðar niður þarna þá liggur munurinn á barna- og unglingafræðslu og fullorðinsfræðslu á mörkum þess að vera sjálfráða/ósjálfráða og hinir fullorðnu læra mest og best með því að taka þátt í uppbyggingu námsins, ekki síst að bera hluta til ábyrgð á því. Helsta framlag Illeris í bókinni og nýnæmi, liggur þó annarsstaðar; frekar í útskýringu og hugmyndum hans um *færni* eða *hæfni* hins fullorðna námsmanns (kompetence), hugtakinu

andstöðuhæfni (modstandsevne) og *þátttökustjórnun* (deltagerstyring), sem rétt er að taka fyrir hér, þó stuttaralegt sé.

Staðsetjum Illeris aðeins fyrst. Ef við skoðum hlutina á myndrænan hátt þá stillir Illeris sér að vissu leyti upp sem liðsmann þýsk-skandinavíska skólans hvað fræðilega umræðu um fullorðinsfræðslu varðar (norður-evrópska myndi einhver segja) og í framsætinu hjá honum sitja Theodor Adorno, Ulrich Beck og Thomas Ziehe. Skriðþungi umræðunnar er drifinn áfram af hinni gagnrýnu heimspekihefð Frankfurterskólans og í hliðarglugganum horfir Illeris á hinn engilsaxneska skóla umræðunnar þar sem félagarnir M. Knowles, Peter Jarvis, Stephen Brookfield og Jack Mezirow keyra sína umræðu áfram á heimspekilegum brautum John Dewveys. Illeris virðist greina á milli sjónarhorna. Annars vegar hefur engilsaxneski skólinn tilhneigingu til að einblína á *áttun einstaklingsins* (individ-orientering) sem slíka í námsferlinu (með kunnuglegum hutökum á borð við *reynsla*, *sjálfsstýrt nám*, *breytinganám*) á meðan þýsk-skandinavíski skólinn skoðar námsferli hins sama í almennara samhengi (með hugtökum á borð við *andlegur þroski*, *myndugleiki*) eða *almenn áttun* (almen-orientering).

En er þetta ekki áherslumunur frekar en eðlismunur? John Dewey var sjálfur undir beinum áhrifum þýskrar hughyggju Hegels í upphafi síns ferils og stundaði heimspekinám í John Hopkins háskólanum í Bandaríkjunum, þýskum háskóla en jafnframt einum fyrsta rannsóknarháskóla Bandaríkjanna. Eru þá einhver skil? Að minnsta kosti eru þau ekki skörp. Umræðan um fullorðinsfræðslu í heild sinni byggir jöfnum höndum á blöndun umræðuhefða engilsaxneska skólans og hins þýsk-skandinavíska, en við vitum allavega hvar Illeris tekur pólinn í hæðina (bls. 58-59).

Túlípani og landakort, andstöðuhæfni og þátttökustýring í síðnútíma

Eins og við mátti búast þá kemur það fljótlega í ljós að Illeris er gagnrýninn á hið ríkjandi hugmyndafræðilega samfélagsástand, sem er jöfnum höndum skilgreint sem *síðnútími* (senmodernitet – sem yfirfærsla í veruleika áhættusamfélagsins, markaðssamfélagsins, þekkingarsamfélagsins og alheimsvæðingar). Hættur steðja að grunnmarkmiðum fullorðinsmenntunar svo lengi sem við miðum við skilgreininguna *ævinám* fyrir alla í velferðarsamfélagi. „Blindur“ markaðskapítalismi, með hinni undirliggjandi samkeppni á öllum sviðum, ásamt yfirborðsmennsku auglýsingaafllanna, sjá til þess að möguleikar borgaranna til að takast á við margræðan síðnútíma er stýrt inn á ákveðnar brautir; einstefnubrautir hinnar efnahagslegu rökvísi, og þar með veruleika neytandans, í krafti

vaxtar og gróðrahyggju. Menntun út frá sjónarhóli markaðarins er tæki til að skara fram úr á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi, að vera samskeppnisfær í heimi endalausra breytinga. Það er hættan, að það gerist á kostnað samfélags- og persónulegs þroska sem menntunin ætti líka að innibera að mati Illeris. Ekki hafa skýrslur og yfirlýsingar alþjóðastofnana um fullorðinsmenntun hjálpað til sögulega séð. Þó skýrsla UNESCO, *Learning to be*, frá árinu 1972 hafi borið í sér væntingar um húmanískar áherslur um sjálfræði og sjálfstæði einstaklingsins þá hafi þær í hugmyndafræðilegum skilningi runnið út í sandinn með áherslum OECD á færni eða hæfni einstaklinganna á vinnumarkaði og hagvöxt. Það staðfestist ennfremur í skýrslu Alþjóðabankans frá árinu 2003. Illeris færir rök fyrir því að ævinám liggi á milli steins og sleggju eða á milli efnahagslegra sjónarmiða og húmanískra gilda, og að hin efnahagslega rökvísi hafi að öllu jöfnu haft betur sem af er.

Illeris veltir fyrir sér möguleikum fullorðinsfræðslu undir þessum kringumstæðum. Samfélagið þarf bæði á efnahagslegum vexti og persónulegum þroska borgaranna að halda. Viðhalda þarf jafnvægi félagslegra þátta, hugsjónum lýðræðisins, jafnrétti og almennum mannréttindum og velferð. En hvað á að gera þegar menntakerfið hefur nær eingöngu þróast í takt við kröfur atvinnumarkaðarins, með launavinnuna í broddi fylkingar? Að öllu jöfnu skilgreina allflestir fullorðnir einstaklingar sig út frá lögmálum vinnumarkaðarins, ekki síst þegar þeir eru komnir til að taka þátt í fullorðinsfræðslu. Það ætti ekki að vera undrunarefni því mótunin hefst strax í barnaskóla og menntakerfið er enn undir áhrifum hugmyndaheimi iðnaðarsamfélagsins. Því er ljóst að nútíminn mun alltaf gera kröfu um nám til að sinna atvinnutengdri hæfni en í dag er einnig þörf á að nám og menntun taki til persónulegra þátta. Fullorðinsfræðsla getur ekki bara snúist um að efla hæfni út frá efnahagslegri rökvísi einni saman eigi hún að skila tilætluðum árangri í síðnútíma. Hún verður líka að takast á við fólkið sem slíkt, fólk með lífssögu, langanir og þrár. Til að skilja við hvað er að etja þá kynni Illeris til sögunnar *Túlípana- og landakortakenninguna* og hugtakið *andstöðuhæfni*.

Túlípana- og landakortakenningin gerir grein fyrir hæfnissviðum manneskjunnar á breiðum grundvelli. Það er hæfniskenningarlegt módel (en kvalifikationsteoretisk model) sem fjallar um hið huglæga sjálf (subjektiviteten) samkvæmt sjónarhorni hæfni á tveimur lífssviðum (tveimur blöðum túlípanans) - atvinnu annars vegar og hins almenna (einkalífs) hins vegar (bls. 33-37). Hið persónulega sjálf situr á milli þessara sviða (kjarni túlípanans) og reynir að halda öllu saman sem einni heild. Hér eru færð rök fyrir því að þó efling hæfni sé undirstaða

fullorðinsmenntunar þá megi það ekki eingöngu verða á forsendum vinnumarkaðar. Málið sé flóknara en svo. Horfa þarf á einstaklinginn sem heild. Forsendur vinnumarkaðar í eflingu ákveðinnar hæfni eiga ekkert alltaf við í námi og því telur Illeris að þar séu dulin áhrif á ferðinni, stýring, fólgin í hugtakinu *ævinám* þar sem það er gegnumskýrt af efnahagslegri rökvisi.

Það að skilja hæfnissvið manneskjunar skiptir máli þegar horft er til markmiða og tilgangs fullorðinsfræðslu því ólíkar aðferðir í námi og starfi virkja mismunandi hæfnissvið. Hæfni og geta hvers einstaklings, þjóðar eða stofnunar ef því er að skipta, eigum við að ræða hédan í frá út frá hugtakinu *færni* (kompetance). Margir eru tilbúnir með alþjóðlegan mælikvarða um færni, ekki síst alþjóðastofnanir og atvinnulífið. Hættan er enn og aftur á tvöfeldni í umræðunni, eins og með hugtakið *ævinám*, að dulin stýring ákveðinna hagsmunaafla liggi í leyni. Að færni verði eingöngu skilgreind á forsendum þess að efla eigi efnahagslegan vöxt og alþjóðlega samkeppnisfærni einstaklinga og þjóðfélaga. Það vantar því mótspil gagnvart rökvisi markaðarins á vettvangi fullorðinsfræðslu sem Illeris setur út í hugtakinu *andstöðuhæfni* (modstandsevne).

Hugtakið *andstöðuhæfni* tekur Illeris upp frá Thomas Ziehe. Það felur í sér hæfni einstaklingsins að veita ríkjandi ástandi andstöðu eða mótstöðu – að skapa svigrúm til ígrundunar (bls. 63). Sem einstaklingar í nútímasamfélagi þurfum við að vera í stakk búin að takast á við ýmis vandamál eða nýjar áskoranir upp á hvern einasta dag því veruleiki síðnútíma hefur leyst upp mörg hefðbundin gildi og mynstur hins daglega lífs. Það spannar allt frá því að (dæmin koma ekki öll frá Illeris) missa vinnuna, byrja í nýju sambandi, hefja nám, eignast afkvæmi, vita hvað sé heilsusamlegt fæði, vita hvað gróðurhúsaáhrifin ganga út á, hvar næsta hryðjuverkaógn leynist og svo framvegis. En fyrst og síðast verður fólk að geta tekið velígrundaðar ákvarðanir um líf sitt. Val og margræðni leika hér stórt hlutverk saman.

Í hugtakinu *andstöðuhæfni* birtist gagnrýnin heimspekihefð Frankfurterskólans í sinni jákvæðustu mynd. Illeris segist meðvitaður um einfaldleika hugtaksins, sem margir myndu afgreiða sem gagnrýna hugsun og ekkert annað. En Illeris ætlar þessu hugtaki stórt hlutverk, sem grundvallaratriði í almennri fullorðinsfræðslu. Hugtak sem felur í sér að nemendur séu álitnir virkir þátttakendur í náminu en ekki síst meðþátttakendur í uppbyggingu þess, skipulagningu og útfærslu. *Andstöðuhæfni*, eins og *færni*, er hugtak sem lýsir athafnamöguleika einstaklingsins (handlepotentiale) og möguleika hans til ákveðinna athafna. Þetta er einskonar yfirhugtak margskonar færni sem nauðsynlegt er að búa yfir í

síðnútíma. Það er svo yfirgripsmikið að rétt er að telja upp innihald þess svo lesandinn sjái um hvað er að ræða: 1. *yfirsýn* og *umhverfisáttun* (overblik og omverdens-orientering), sem í stuttu máli fjallar þá færni að skilja sjálfan sig í sambandi við umheiminn. 2. *Valfærni* og *athafnafærni* (valgkompetence og handlekompetence) segja til um færni til að fjalla um það val sem maður stendur frammi fyrir, ekki síst að geta greint þá hagsmuni sem liggja valinu til grundvallar og þannig tekið rökréttar ákvarðanir byggðar á því. 3. *Íhugun* eða *ígrundun* (refleksion og refleksivitet) segir til um færni að geta hugleitt aðstæður og séð þær í samfélags- og persónulegu ljósi. 4. *Sjálfssefun* (selvberoeende) tekur til andlegrar og líkamlegrar meðvitundar, að hafa tilfinningu fyrir sjálfum sér, sjálfsskilning og sjálfstraust. 5. *Samvinna* og *samheldni* (samarbejde og kollektivitet), sem er nauðsynleg færni svo að andstöðuhæfnin hafi áhrifamátt fram yfir hið persónulega svið. 6. *Félagsleg ábyrgð* (social ansvarlighed) sem vegur nauðsynlega upp á móti einstaklingsvæðingu.

Til að efla megi færni og andstöðuhæfni í fullorðinsfræðslu þarf *þátttökustýring* (deltagerstyring) að koma til (bls. 139-141). Þátttökustýring í námi fullorðinna er rökrétt framhald þeirrar sýnar að hinir fullorðnu námsmenn vilji almennt stýra námi sínu sjálfir og bera ábyrgð á því. Illeris byggir þetta líka á kennslufræðilegri niðurstöðu bókarinnar og því sem ætti að teljast markmið fullorðinsfræðslu. Í sinni einföldustu mynd snýst þátttökustýring um að nemendur, með stuðningi leiðbeinenda, fái mikið um það að segja hvernig þeir stýra sínu námsferli sjálfir; að þeir séu ekki í hefðbundnu hlutverki móttakandans. Það felur aftur í sér að leiðbeinandinn getur ekki lagt fram fullbúna (vöru) kennsluáætlun í upphafi námskeiðs. Það fellur vel að lýðræðislegum anda og er beinlínis siðferðilega rétt, enda námsferlið þá orðið samstarf sjálfráðra einstaklinga. Illeris bendir okkur á að ekki séu allir fullorðnir nemendur tilbúnir í svona vinnu enda hefur skólakerfið gert sitt í að móta fyrirfram skoðanir þeirra á því hvernig skóli virkar. Margir rugga sér jafnvel bara stólnum þar sem þeir telja sig vera „sestir á skólabekkin“ og láta eins og ósjálfráða börn. Það rjátlar þó af fólki svo lengi sem leiðbeinandinn gefst ekki upp og nemendurnir sjá tilganginn með þátttökustýringu og gagnsemi hennar. Það er því ekki létt verk fyrir leiðbeinanda að koma á þátttökustýringu en Illeris telur þetta bestu leiðina til að efla þróun færni og andstöðuhæfni einstaklinganna. Slíkt sé bæði praktískt og vænlegt til árangurs því þannig sé tekið tillit til hins fullorðna námsmanns sem einstaklings bæði á sviði samfélags og einkalífs.

Og morgundagurinn mun koma

Fyrir hverja er Illeris að skrifa? Því er fljótsvarað. Miðað við þyngd texta og efnistöð þá er hann að skrifa fyrir háskólaþólk fyrst og fremst, þá kannski einna helst fræðimanna á sviði fullorðinsfræðslu í Danmörku – hann vitnar það mikið í stöðu skólakerfisins þar. Illeris gengur faglega til verks með því að skýra út uppbyggingu bókarinnar og innihald, ásamt því að taka saman helstu punkta í hverjum kafla áður en þeir eru lesnir. Setningar eru þó oft á tíðum fullangar og stíllæg tilþrif Illeris eru ekki mikil. Textinn er eintóna. Hann einkennist af löngum setningum með mörgum, og oft torræðnum, hugtökum sem eru vart til þess fallið að auðvelda lesturinn né gera hann skemmtilegan.

Hvað innihaldið varðar þá hefði Illeris mátt skerpa umræðuna um síðnútíma, skilgreina hana nánar í upphafi sem afmarkað viðfangsefni. Þó síðnútíminn sé alltaf nálægur í umfjölluninni þá er gagnrýni á lögmál hins kapítalíska veruleika full fyrirferðamikil. Gagnrýnin á rétt á sér en umfjöllunin um einræði hinnar efnahagslegu rökvísi í samfélaginu, og þar með fullorðinsfræðslu, er vel þekkt og því mörgu leyti klisjukennd. Hún er einnig það víðfem hjá Illeris að stundum er erfitt að henda reiður kostum og göllum margræðni síðnútíma fyrir fullorðinsfræðslu út frá efnahagslegri rökvísi einni saman. Engu að síður spretta upp úr umræðunni gagnleg hugtök á borð við andstöðuhæfni og þátttökustjórnun sem gefa tilefni til frjórrar umræðu um fullorðinsfræðslu og fullorðinsmenntun. Og sé Illeris komið til varnar hér þá er hann samkvæmur sjálfum sér varðandi þessa umfjöllun því hann læddi henni að mörgu leyti í gegn óbeint, eins og hann benti á í upphafskaflanum um efnistöð. En það er fleira. Illeris vísar stundum út fyrir sig, þ.e. byrjar á að fjalla um efni, sérstaklega í kaflanum um „Skipulag fullorðinsfræðslu“. Um leið og hann veitir okkur sýn á grunnatriði (mörg hver þekkt) þá endar hann umræðuna á því að vísa í aðrar heimildir um sama efni. Þarna stendur Illeris eins og vegpóstur án frekari málalenginga. Eins hefði Illeris vel mátt gera meira út rannsóknarreynslu sinni en þá hefði bókin auðvitað orðið mikið lengri.

Illeris fjallar ríkulega um hinn fullorðna námsmann sem sjálfstæðan og ábyrgðarfulla manneskju, námsmann sem vill stjórna á sínu námi sjálfur, og vísar í þroskafræði um nám barna varðandi námsferlið. Illeris er trúr umræðuhefðinni en hefði vel mátt bjóða upp á frekari vangaveltur um muninn á námi barna og námi fullorðinna. Af hverju er svona mikill munur í raun og eru mörkin á milli þess að vera sjálfráða og ósjálfráða meira á floti nú en áður? Það er full ástæða að ræða þær formgerðir rökvísi er stýra menntakerfinu í heild og

hvort rökvisi iðnvæðingar sé enn ráðandi þáttur í skólastarfi, þar sem nemendinn er í hlutverki hins passífa og kennarinn í hlutverki þess er ræður. Illeris ræðir einmitt kynslóðamun og að nú sé komin fram kynslóð ungra fullorðinna námsmanna sem sé undir áhrifum menningarlegrar leysingar og rökvisi síðnútíma. Nútíma sem inniber endalausa möguleika (bls. 112-114). Þessi kynslóð hefur aðra sýn á framkvæmd skólastarfs heldur en rökvisi iðnvæðingar segir til um, finnst ævimenntun vera sjálfsögð og hluti af persónulegum þroska þeirra og lífsáætlun. Þessi kynslóð er reyndar ekkert endilega til í að gera það sem henni er sagt. Sé námið ekki í takt við persónulegar þarfir og einstaklingsmyndun þá er hætt við að þessir ungu nemendur gefi námið upp á bátinn eða leiti annað. Eins og grunnskólakerfið er í dag þá ríkir tvöfeldni í starfseminni. Á meðan stutt er við sjálfstæði barna með áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og einstaklingsmiðuðu námi þá er á sama tíma unnið eftir skipulagi iðnvæðingar og efnahagslegrar rökvisi. Er við öðru að búast að nemendur verði ringlaðir ef (framhalds-) fullorðinsfræðslan mætir þeim með takmörkunum eða þvingunum? Gæti þetta skýrt ástæður brotthvarfs í íslenskum framhaldsskólum?

Titill þessa ritdóms, *Börn morgundagsins*, vísar í eitt áhugaverðasta stef í bók Illeris, stef sem uppeldisfræðingarnir og menntakerfið á Íslandi ættu að gefa meiri gaum. Stefið er tvöfeldni (dobbelthed) í menntun fullorðinna. Á meðan horft er haukfránum augum til framtíðar og aukinnar (formlegrar) fullorðinsfræðslu þá er veruleiki þessarar fræðslu, meðvitað eða ómeðvitað, mikið til byggður á reynslu hinna fullorðnu, nemenda og kennara, úr barnaskóla. Og sé vettvangur fullorðinsfræðslunnar mótaður samkvæmt þeirri orðræðu, að ógleymdri hinni altumlykjandi efnahagslegu rökvisi, án þess að taka inn kenningu á borð við *þátttökustýringu* og *andstöðuhæfni*, er hætt við að fullorðnir nemendur verði áfram *börn morgundagsins* í stað virkra þátttakenda í sínu eigin námi. Hætt er við að nauðsynleg samfélagsleg áhrif glatist.